# Bréf og kort frá Kristni E. Andréssyni

Bjarni Benediktsson – einkabréf – Kristinn E. Andrésson – 1931

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mainz, 3. ág. 1931

Kæri Bjarni,

Það væri miklu réttara fyrir þig að vera hér í allri dýrðinni, innan um vín og tré og blóm – ýmist á landi eða í sjó – heldur en hanga yfir lögleysu og afturhalds-doktorinum – og tekið!! Annars sé ég þig með að smala upp í þitt leikaraskapinn. Svo fagurt er hér og yndislegt, alstaðar fegurst, þar sem við erum úti. Þegar ég verð orðinn ríkur, farðu kallinn. Þorkell er alltaf í kvenfólkinu og vínunum – og löngu búinn

Absender: K. Andrésson

Wohnort: Leipzig, Reitzenhainer-
Straße, Hausnummer, str. 14 III
Gebäudeteil, Stockwerk

# Postkarte

Benutzt die Luftpost!

MAINZ 4 7-8 3

að fyrra reglulífinu
það er að segja fyrir
fullt og allt. Hann
biður að heilsa
þér.
Forstjórinn sollin
og ókátt vari fer að
beta jamnlung á hvora
veg við lyndi spillt, án
fær að vita nær að komi
Skiladu kveðju til Vorsiche Zeit.
Blessaður þinn Kristinn

Herrn Dr. jur.

Bjarni Benediktsson

in Berlin-Charlottenburg

Mommsenstr. 39 III

Straße, Hausnummer, Gebäudeteil, Stockwerk
b. Bernstein

Wartburg. Der erste Hof. No. 5

Nach Federzeichnung von Prof. Dr. Otto Ubbelohde

Kunstverlag Gustav Mandt, Lauterbach (Hessen)

Leipzig 23. ág. 1931

Kæri vinur,

Mig tekur mjög sárt, að þú skulir hafa komið hingað og ekki fundið mig. Eg kom fyrst í gærkvöld úr ferðlaginu og þá lá fyrir skeyti frá þér með röngu húsnúmer (47 í stað 147). Eg hafði engin ráð að finna þig, hringdi Jóhann Jónsson upp, en það hafðir þú ekki komið. En hvernig stendur á, að þú komst ekki heim til mín? Rétta adr. hefðir þú með morgun mátt geta ráð í. Blessaður láttu mig fljótt vita hvað um þig verður!

Lifðu sæll þinn Kristinn

Skrifa 31. ág.




FERNSPRECHER SPART ZEIT UND GELD

LEIPZIG

Herrn Dr. jur.

Bjarni Benediktsson

Berlin-Charlottenburg

Mommsenstr. 39 III

b. Bernstein



Leipzig, 21. júlí 1931

Kær Bjarni,

Auf Grund Deines Überreichtums habe ich mich dazu entschlossen, ein Moratorium aller meinen Schulden von Dir zu verlangen, bis die wirtschaftlichen Verhältnisse unseres gemeinsamen deutschen Volkes sich verbessern und unser Reichskanzler sich wieder im Lande findet – & hefir látið öll önnur fífl hafa sig að fífli, eins og íhaldsmanna er siður sín á milli! Svo er mál með vexti, að Þórketill kemur innan skamms til Berlín og ég ætla þangað til mótes við hann. Við finnumst þá allir fulltrúar þeirrar hvorrar íslenzkrar heimsku, hverrar útsmálum og gegnir mér þangað til fundum ber saman. Þá hef ég og hugsað mér að greiða þér skuldina (ellegar slá þig um meira fé, sem væri náttúrlega miklu réttara frá objektívu sjónarmiði, að ég ekki tali um kommúnistísku). Hvern stundar er Þórketill eitthvað latinn, annars væri hann kominn upp á fóðrina. Ætlar þú með okkur til Rínarlanda? Ég er ekki huglaus og latur, eins og Jón Þorláksson eða einhver annar. Í gærkvöld komu tvær saxneskar stelpur upp í fangið á mér og öðrum landa, rétt í því að okkur datt í hug að fara á kvennafar. Þvílík heppni. Svona líka stabílar borgaradætur! Önnur 19 og hin 22, og yndislegar, máttu vita. Það var sönn guðsending. Bíó í kvöld og aukaþáttur! —

Helvítis letin ætlar alveg að murka úr mér lífið. En ég læt mig allt eftir henni til þess að vita hvort hún hleypur ekki af sér hornin. Ég vildi ég gæti kveðið hana yfir í þig eða Jónas.

Hér er allt af ensjókoma og frost, svo að ég gleymi ekki að minnast á líðurfarið, og útlit er fyrir sama. Afkoma manna hefir aldrei verið svona slæm, svo að elztu menn muni, ekki einu sinni eftir þjáðir árs stríðið, sagði mér gömul kona í gærdag. Og eftir bréfi frá fóðurbróður mínum heiman af Austfjörðum, er ástandið þar verra en þegar það var verst. Hvar heldurðu að þetta endi, nema í landsinum, sem mannsdrápsþjóðirnar hafa mixið sér með syndum sínum og andskotinn kom þeim til að drýgja. Ef ég lifi næsta sunnudag, hef ég heitið því að ganga í guðs hús og liggja þar fimm mínútum lengur fram á lappir mér heldur en DOKTOR Brüning í París og hef ég þó ekki að bæta fyrir allar syndir Zentrums eins og hann.

Vertu í eilífri náðinni

Þinn skuldunautur

Kristinn Andrésson

Skrifa 4. sept. '31.

Leipzig, 1. sept. 1931

Kær Bjarni,

Það var svo sem auðvitað, að þú vært ekki hingað kominn til þess að hitta mig eingöngu. Slíkt var þér ekki meira áhugamál en svo, að þú lagðir ekki á þig þá fyrirhöfn að fletta upp í bæjarskránni nafninu Ehlers. Að vísu kom ég ekki heim fyrr en klukkan um sex þann dag, en þú hefðir getað beðið mín og skoðað Leipzig þann tíma. Í bréfi þínu notar þú orðalagið, að ég „virðist eigi" hafa verið kominn heim. Á það að skiljast svo sem trúir þú ekki orðum mínum á kortinu? Mér þótti nógu mikið fyrir að geta ekki fundið þig, þótt slíkum getsökum sé ekki bætt ofan á. En ekki hirði ég að fara að þínu dæmi og leggja fram skriflegt vottorð. Ég vissi vel, hvernig standa myndi á skekkjunni í adressunni. Ég kom sjálfur fyrst til Leipzig með þá meinloku í kollinum, að ég byggi Reitzenhainerstr. 47 og hafði merkt svo pjönkur mínar. En síðan hafði ég þó skrifað þér nokkrum sinnum og gefið þér rétt heimilisfang.

Þá er hin ásökunin um titilinn! Þar hef

Skrifa 25. nóv. 1931.

Leipzig 20. nóv. 1931

Kæri vinur,

Hvernig líður þér? Mig langar til að heyra eitthvað frá þér. Vonandi ertu ekki reiður mér, þótt ég hafi enn ekki borgað þér skuldina. Þú ert svo fjandi ríkur, þessvegna hef ég ekki jafn sárt samviskubit. Ég ætla þó að gera nokkra afsökun. Ég hef allt af verið mesti glópur í peningamálum; og þegar ég kom úr Rínarferðinni, vaknaði ég upp við það, að ég var orðinn peningalaus. Ég hafði gert ráð fyrir peningum fyrir þýðingu á Spranger, en ég hef ekki nennt að fást við hana og vil heldur gera það heima í sumar. Ég hef því síðan í september aðeins 125 mörk á mánaði (Humboldt-styrkinn) til þess að lifa af. Þegar ég sá, hvernig komið var, skrifaði ég að vísu á augabragði í tvo staði eftir peningum. Frá öðrum hef ég ennþá ekkert svar fengið (það var Alþingi!) en hinn lofar mér peningunum a.m.k. fyrir jól, en sennilega í byrjun december. Láttu mig vita, hvort þér kemur illa að það dregst svona fyrir mér að borga þér. Ég hef þá einhver ráð. Annars er ég hissa, hvað lifa má sparlega. Þessi 125 mörk hrökkva! Reyndar neita ég mér um allt, en mig tekur það ekkert sárt. Áður lifði ég fyrir helmingi meira fé og þóttist sparsamur!

Blessaður láttu mig heyra af þér og Berlínarlífinu, nýjum löndum og svo framvegis. Gaman hefði ég að sjá þig hér. Myndirðu gefa þér tíma til að skreppa hingað. Hvað ætlarðu að gera um jólin? Hvað verðurðu lengi í Berlín? Skrifaðu mér!

Vertu blessaður!

þinn Kristinn Andrésson

Skrifa 27. des.

Leipzig, 22. des. 1931

Kæri Bjarni,

Þú hlýtur að komast á þá skoðun, að ég sé ekki annað en tóm svikin. Og ég verð að segja þér þær fréttir, að mér kæmi alls ekki vel að þurfa að borga þér núna. Ég bað mann um lán í haust, hann lofaði öllu góðu, en kvaðst ekki geta það fyr en í desember. Og peningar komu frá honum fyrir tveim dögum, en í stað 200 - 300 marka eins og ég bað um og bjóst við, urðu þau ekki nema 82, svo að vonbrigðin voru slæm. Humboldt-styrkurinn hefir auk þess verið lækkaður um 10%. Ég hef reyndar fram í janúarlok 160 mörk til að lifa á, svo að það gengur vel, en ég má helzt ekkert af þeim missa! En eitt vil ég biðja þig um og þar mættu ekki bregðast mér, að ef illa stendur á fyrir þér sjálfum, að þú látir mig þá vita.

Hvernig var með þig, ætlarðu ekki að bregða þér hingað um jólin eða milli jóla og nýjárs. Það eru komnir hingað tveir skemmtilegir menn, K. Kristjáns og Garðar Þorsteinsson. Það gæti orðið nógu gaman að spjalla um stund saman. Þú létir þá vita fyrirfram, hvenær þú kæmir, svo ekki mistækist að taka á móti þér. – Annars getur komið til mála, að ég fari heim innan skamms, og það getur aldrei dregist lengi úr þessu.

Ég óska þér gleðilegra jóla!

Vertu blessaður

þinn Kristinn Andrésson